

enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna . . .“

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sést, að með orðinu „slys“ er ekki átt við slys almennt, heldur er merking þess þrengd þannig, að það hafi viljað til við vinnu eða í allnánum og eðlilegum tengslum við hana. Stefnandi var hins vegar á íþróttæfingu, er slysið vildi til, sem hér er um fjallað. Verður því ekki talið, að hann eigi samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1958 rétt til neinna launa úr hendi stefnda, og ber að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Gunnars Péturssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 7. marz 1966.

Nr. 139/1965. Óskar Guðmundsson (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Jóni Bjarnasyni f.h. Spörtu, Reykjavík
 (Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Vixlar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1965 og krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrirtækið Sel er samþykktandi víxla þeirra, er mál þetta fjallar um. Áfrýjandi bar ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins, þegar víxlarnir voru samþykktir. Ekki var gætt ákvæða 2. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903, þegar fyrirtækið var tilkynnt til firmaskrár, en eigi þykir það eiga að draga úr ábyrgð þeirri, sem áfrýjandi tók á sig með tilkynningunni, sem birtist í Lögbirtingablaðinu hinn 13. marz 1963 og skráð var í firmaskrá. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber því að staðfesta hann að öðru en því, að áfrýjanda verður aðeins gert að greiða $\frac{1}{3}\%$ þóknunargjald af kr. 142.796.40 og $\frac{2}{3}\%$ þóknunargjald af kr. 10.000.00, en það er fjárhæð eina víxilsins, sem stefndi leysti til sín, sbr. 48. og 49. gr. laga nr. 93/1933. Með þessari breytingu eiga ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghaldsgerðar að vera óröskuð.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að $\frac{2}{3}\%$ þóknunargjald greiðist af kr. 10.000.00 og $\frac{1}{3}\%$ þóknunargjald af kr. 142.796.40.

Áfrýjandi, Óskar Guðmundsson, greiði stefnda, Jóni Bjarnasyni f. h. Spöрту, Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Spöрту, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, með stefnu, birtri 28. september 1964, gegn Óskari Guðmundssyni, Engjaveg 2, Selfossi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 152.796.40 með 9% ársvöxtum af kr. 10.000.00 frá 12. maí 1964 til 18. s. m., af kr. 20.000.00 frá þeim degi til 24. s. m., af kr. 30.000.00 frá þeim degi til 30. s. m., af kr. 40.000.00 frá þeim degi til 8. júní 1964, af kr. 47.291.00 frá þeim degi til 17. s. m., af kr. 77.291.00 frá þeim degi til 23. s. m., af kr.

102.796.40 frá þeim degi til 12. júlí 1964, af kr. 127.796.40 frá þeim degi til 21. s. m. og af kr. 152.796.40 frá þeim degi til greiðsludags, $\frac{2}{3}\%$ fjárhæðarinnar síðasttöldu í þóknun, kr. 1.091.00 í afsagnar- og stimpilkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu, þar með talinn löghaldskostnaður.

Jafnframt krefst stefnandi þess, að staðfest verði löghald, sem lagt var á eign stefnda, Engjaveg 2, Selfossi, 22. september 1964 til tryggingar skuld þessari.

Framangreinda skuld kveður stefnandi vera samkvæmt níu víxlum, útgefnum af stefnanda, en samþykktum til greiðslu af Ingólfi Kristjánssyni pr. pr. Sel, Klapparstíg 40, Reykjavík, til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, sem hér segir: Kr. 10.000.00 hinn 12. maí 1964, kr. 10.000.00 hinn 18. maí 1964, kr. 10.000.00 hinn 24. maí 1964, kr. 10.000.00 hinn 30. maí 1964, kr. 7.291.00 hinn 8. júní 1964, kr. 30.000.00 hinn 17. júní 1964, kr. 25.505.40 hinn 23. júní 1964, kr. 25.000.00 hinn 12. júlí 1964 og kr. 25.000.00 hinn 21. júlí 1964.

Fyrstu 5 víxlarnir eru allir útgefnir 24. febrúar 1964, 6. víxillinn er útgefinn hinn 3. marz 1964, 7. víxillinn er útgefinn hinn 23. marz 1964, og 8. og 9. víxillinn eru útgefnir 20. marz 1964.

Stefndi hefur krafizt þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins setti stefndi fram þá vararköfu, að hann yrði sýknaður í málinu að svo stöddu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 26. febrúar 1963 stofnaði stefndi firmað Sel, klæðagerð og verzlun, með Ingólfi Kristjánssyni. Var firmað skrásett í Reykjavík, og bar hvor stofnenda um sig ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans, en nefndur Ingólfur hafði prókúrumboð fyrir það. Í auglýsingu, er birtist í Lögbirtingablaðinu hinn 13. marz 1963, um stofnun firmans segir, að Ingólfur Kristjánsson riti firmað þannig:

„Pr. pr. Sel, klæðagerð og verzlun,
Ingólfur Kristjánsson.“

Stefndi seldi nefndu firma vörur, og mun það hafa verið einhvern tíma á fyrri hluta ársins 1964. Vörunar voru greiddar með víxlum þeim, sem í máli þessu greinir. Ekki voru víxlarnir greiddir á gjalddaga, og voru sex víklar, þeir er fyrst féllu í gjalddaga, því afsagðir sökum greiðslufalls, og kveðst stefnandi því hafa orðið að leysa þá til sín.

Hinn 22. september 1964 lét stefnandi leggja löghald á fast-eign stefnda, Engjaveg 2, Selfossi, til tryggingar greiðslu skuld-arinnar.

Í Lögbirtingablaði, dags. 6. júní 1964, birtist svohljóðandi yfir-lýsing frá þeim Óskari Guðmundssyni, stefnda í máli þessu, og Ingólfi Kristjánssyni:

„Ég undirritaður, Óskar Guðmundsson, Engjavegi 2, Selfossi, tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hef selt Ing-ólfi Kristjánssyni, Kleppsvegi 52, eignarhluta minn í Sel, klæða-gerð og verzlun, Klapparstíg 40, Reykjavík, og eru allar skuld-bindingar firmans frá 1. janúar 1964 mér óviðkomandi.

Selfossi, 21. maí 1964.

Óskar Guðmundsson, Engjavegi 2, Selfossi.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég frá og með 1. janúar 1964 keypt eignarhluta Óskars Guðmundssonar í Sel, klæðagerð og verzlun, hér í borg, og rek ég firmað frá sama tíma sem einkaeigandi með ótakmarkaðri ábyrgð.

Reykjavík, 21. maí 1964.

Ingólfur Kristjánsson, Kleppsvegi 52, Rvík.“

Páll Lúthersson, eigandi Spörtu, hefur komið fyrir dóminn og skýrt m. a. svo frá, að áður en viðskipti þau áttu sér stað, er fyrrgreindir víxlar eru sprotnir af, hafi Ingólfur Kristjáns-son verið búinn að segja sér, að stefndi í máli þessu ræki firm-að Sel, klæða- og fatagerð og verzlun, með ótakmarkaðri ábyrgð ásamt Ingólfi. Kvað Páll viðskipti þessi hafa átt sér stað mörg-um mánuðum áður en tilkynningin um úrsögn stefnda birtist í Lögbirtingablaðinu, og sagðist Páll þá ekkert hafa vitað um, að stefndi hefði í huga að segja sig úr fyrirtækinu né hafi Ingólfur Kristjánsson skýrt sér frá því, að stefndi hefði ætlað að ganga úr fyrirtækinu um áramótin 1963/1964.

Stefndi, Óskar Guðmundsson, hefur einnig komið fyrir dóm-inn og m. a. skýrt svo frá, að nafn hans undir margnefnt firma hafi einungis verið skrásett til málamynda, enda sé hann mágur Ingólfs Kristjánssonar og hafi hann gert þetta að hans beiðni af einhvers konar rælni og í athugunarleysi, enda hafi hann ekki haft minnstu hugmynd um fjárreiður fyrirtækisins, ekk-ert framlag greitt til þess og talið rekstur þess sér óviðkomandi. Hafi sér verið allsendis ókunnugt um tilvist þeirra víxla, sem um er deilt í máli þessu.

Skömmu eftir áramótin 1963/1964 kvaðst stefndi hafa beðið Ingólf að annast um, að tilkynning yrði send til lögskráningar

þess efnis, að hann væri ekki félagsmaður í fyrirtækinu. En tilkynningin hafi dregið á langinn og muni ekki hafa verið send fyr en í maímánuði 1964 og síðan birt í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar gagnvart stefnda á því, að hann beri ótakmarkaða ábyrgð á fjárskuldbindingum Sels, klæðagerðar og verzlunar, og þar sem víxlarnir hafi verið samþykktir til greiðslu af prókúruhafa þess fyrirtækis, beri stefnda að greiða þá.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á því, að nafn hans sé ekki á víxlunum og sé honum því ranglega stefnt í þessu víxilmáli, þar sem engir aðrir séu víxilskuldarar en þeir, sem standi á víxlinum. Þá bendir stefndi á það, að Ingólfur Kristjánsson hafi samþykkt víxlana pr. pr. Sel, en ekki vegna sameignarfélagsins Sels, klæðagerðar og verzlunar. Stefndi kveðst ekki vera eigandi þessa fyrirtækis, Sels, og mótmælir þess vegna, að þessi nafnritun á víxlunum geti leitt til víxilábyrgðar fyrir hann. Og þar sem hér sé um aðildarskort að ræða, hljóti hann að leiða til þess, að stefndi verði sýknaður af greiðslu á víxilkröfunum.

Af sömu ástæðum hefur stefndi mótmælt löghaldskröfunni. Og löghaldinu sjálfu hefur hann mótmælt sem ólöglega á lögðu, m. a. vegna þess, að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta réttar síns. Þá telur stefndi enn fremur rangt, að staðfestingarmál á löghaldinu, sem gert var í Árnessýslu, sé höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu styður stefndi þeim rökum, að þó að talið yrði, að hann bæri ábyrgð á greiðslu víxlanna, þá sé sú ábyrgð afleidd ábyrgð fyrirtækisins og þurfi því fyrst að fá dóm yfir fyrirtækinu sem slíku, áður en fært sé að dæma hann persónulega til greiðslu víxlanna. Beri að sýkna sig að svo stöddu.

Samkvæmt fyrrgreindri auglýsingu í Lögbirtingablaðinu bar stefndi ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins, Sels, klæðagerðar og verzlunar. Sú ábyrgð stefnda stóð óbreytt, a. m. k. gagnvart grandlausum viðsemjendum fyrirtækisins, er viðskipti þau áttu sér stað, sem víxlar máls þessa eru sprottnir af. Því er ómótmælt, að vörur þær, sem víxlarnir voru samþykktir fyrir, hafi runnið til fyrirtækisins, og þó að víxlarnir séu samþykktir pr. Sel (stimpill) (sic.) Ingólfur Kristjánsson, en ekki pr. pr. Sel, klæðagerð og verzlun, þá verður samt að telja, að firmað Sel, klæðagerð og verzlun, hafi orðið bundið víxilábyrgð við þessa áritun. Verður því að dæma stefnda til að greiða víxla

þessa, þar sem hann bar á þessum tíma ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans, enda verður ekki á það fallizt með stefnda, að ábyrgð hans sé afleidd, þannig að fyrst þurfi að fá dóm yfir firmanu, áður en stefnandi geti snúið sér að honum.

Það er ekki skilyrði þess, að löghald sé lögmætt, að gerðarþola sé tilkynnt gerðin fyrirfram né heldur að hann sé viðstaddur hana, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann.

Greiðslustaður víxlanna var í Reykjavík. Var því heimilt samkvæmt 1. mgr. 20. gr. nefndra laga að höfða staðfestingarmál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Ber því að staðfesta löghaldið.

Samkvæmt þessum málalokum kemur varakrafa stefnda ekki til álita.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti nema því, að vextir frá og með 31/12 1964 ákveðast 8% ársvextir.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 23.500.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Óskar Guðmundsson, greiði stefnanda, Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Spörtu, kr. 152.796.40 með 9% ársvöxtum af kr. 10.000.00 frá 12. maí 1964 til 18. s. m., af kr. 20.000.00 frá þeim degi til 24. s. m., af kr. 30.000.00 frá þeim degi til 30. s. m., af kr. 40.000.00 frá þeim degi til 8. júní s. á., af kr. 47.291.00 frá þeim degi til 17. s. m., af kr. 77.291.00 frá þeim degi til 23. s. m., af kr. 102.796.40 frá þeim degi til 12. júlí 1964, af kr. 127.796.40 frá þeim degi til 21. s. m. og af kr. 152.796.40 frá þeim degi til 31/12 1964, en 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags, $\frac{2}{3}$ % fjárhæðarinnar síðasttöldu í þóknun, kr. 1.091.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 23.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.